

Hörgársveit

Fréttabréf

4. árg., 8. tbl., 3. apríl 2013

Íbúafundur um aðalskipulag

8. apríl kl. 20:00 í Hlíðarbæ

Vinna við drög að tillögu að aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 er á lokastigi. Umsagnir um drögin hafa borist frá 13 af 17 lögbundnum umsagnaraðilum. Í flestum þeirra er ekki gerð athugasemd við drögin, en í nokkrum er bent á minni háttar atriði sem þurfi athugunar við. Á íbúafundinum **8. apríl nk. kl. 20:00 í Hlíðarbæ** verða kynnt drög að aðalskipulagstillögunni, sem verða síðan send Skipulagsstofnun til umsagnar að lokinni umfjöllun í skipulags- og umhverfisnefnd og sveitarstjórn. Að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar verður formleg tillaga að aðalskipulaginu svo auglýst og lýst eftir formlegum athugasemdum, ef einhverjar eru. Að loknum athugasemdafrestinum fer fram lokaafgreiðsla skipulags- og umhverfisnefndar og sveitarstjórnar á tillögunni, sem mun svo öðlast gildi skv. lögum í framhaldi af því.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður

17. apríl nk. í Þelamerkurskóla

(ekki 20. apríl, eins og misritaðist í síðasta fréttabréfi)

Dagskrá fundarins mun birtast á www.horgarsveit.is síðdegis 15. apríl

Hörgársveit

Sími: 461 5474 **Fax:** 461-5475

Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is

Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

Veffang: www.horgarsveit.is

Efnistaka í landi Skúta

Mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar

Skútaberg ehf. hefur tilkynnt til umfjöllunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um efnistöku í land Skúta.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrslu um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 27. mars til 8. maí 2013 á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofu Hörgársveitar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Enviro- n-ice: www.umis.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 8. maí 2013 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást enn fremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun

Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024

Auglýsing um skipulagslýsingu

Hér með er auglýst að nýju, vegna gildistöku nýrrar skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, að unnið er að gerð aðalskipulags fyrir Hörgársveit í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Lýsing á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur eru hafðar við gerð aðalskipulagsins ásamt upplýsingum um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu hefur verið lögð fram til kynningar í skrifstofu Hörgársveitar í Þelamerkurskóla. Í lýsingunni er einnig greint frá fyrirhuguðu skipulagsferli og hvernig kynningu og samráði gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum við skipulagsgerðina verði háttað. Skipulagslýsinguna er einnig að finna á heimasíðu sveitarfélagsins: www.horgarsveit.is.

25. mars 2013

Sveitarstjórinn í Hörgársveit